

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1118****2021/EES/34/16****frá 27. apríl 2020****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 um kröfur um váttryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004 um kröfur um váttryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara (1), einkum 5. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bandalagið samþykkti með ákvörðun ráðsins 2001/539/EB (2) í Montreal 28. maí 1999 samning um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montreal-samninginn) en í honum er mælt fyrir um reglur um bótaábyrgð að því er varðar loftflutninga milli landa með fólk, farangur og farm.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 785/2004 voru settar lágmarkskröfur um váttryggingar, að því er varðar bótaábyrgð vegna farþega, farangurs og farms, til að tryggja að flugrekendur hafi nægilegar váttryggingar sem taka til bótaábyrgðar þeirra samkvæmt Montreal-samningnum.
- 3) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur nýverið endurskoðað takmarkanir á bótaábyrgð flugrekenda samkvæmt Montreal-samningnum með vísan til verðbólguþáttar sem samsvarar uppsafnaðri verðbólgu frá gildistökudegi Montreal-samningsins.
- 4) Alþjóðaflugmálastofnunin hefur ákveðið að verðbólguþátturinn hafi frá 30. desember 2009, þ.e. frá gildistökudegi fyrri endurskoðaðra takmarkana Montreal-samningsins, farið yfir viðmiðunarmörkin 10 af hundraði og kallar það á breytingu á takmörkunum bótaábyrgðar. Takmarkanir bótaábyrgðar hafa því verið endurskoðaðar til samræmis við það.
- 5) Lágmarkskröfur um váttryggingar að því er varðar bótaábyrgð vegna farþega, farangurs og farms, sem voru settar með reglugerð (EB) nr. 785/2004, skulu aðlagðar tímanlega að endurskoðuðum takmörkunum bótaábyrgðar, samkvæmt Montreal-samningnum, sem öðluðust gildi 28. desember 2019.
- 6) Að því er varðar bótaábyrgð vegna farþega hafa lágmarkskröfur um váttryggingar í reglugerð (EB) nr. 785/2004 verið hækkaðar umtalsvert umfram endurskoðaðar takmarkanir bótaábyrgðar samkvæmt Montreal-samningnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 243, 29.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 1.

(2) Ákvörðun ráðsins 2001/539/EB frá 5. apríl 2001 um samþykkt Evrópubandalagsins á samningnum um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montreal-samningurinn) (Stjttíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 38).

- 7) Að því er varðar bótaábyrgð vegna farangurs og farms skulu lágmarkskröfur um váttryggingar í reglugerð (EB) nr. 785/2004 hækkaðar til samræmis við endurskoðaðar takmarkanir bótaábyrgðar samkvæmt Montreal-samningnum.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 785/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 785/2004 kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar bótaábyrgð vegna farangurs skal lágmarkstryggingarvernd fyrir rekstur í ábataskyni nema 1 288 SDR fyrir hvern farþega.

3. Að því er varðar bótaábyrgð vegna farms skal lágmarkstryggingarvernd fyrir rekstur í ábataskyni nema 22 SDR fyrir hvert kíló.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
